

## Ársfundur 2009

### Skýrsla deildarforseta leiklistardeildar á ársfundi Listaháskólans 25. nóv. 2009

## STARFSÁRIÐ 2008 – 2009

### 1. FYRIRKOMULAG NÁMS OG KENNSLUHÆTTIR

Kennt var á þremur brautum í leiklistardeild árið 2008-2009. Engir annars árs nemar voru við deildina þar sem tekið er inn annað hvert ár.

Við fræði og framkvæmd stunduðu tíu nemendur nám á fyrsta ári (7 konur og 3 karlar) og 8 nemendur á þriðja ári (4 konur og 4 karlar). Sjö nemendur útskrifuðust af brautinni.

Á dansbraut stunduðu ellefu nemendur nám á fyrsta ári, allt konur og sex nemendur nám á 3. ári þar af einn karl. Sex nemendur útskrifuðust af brautinni. og er það í fyrsta sinn hér á landi sem útskrifaðir eru nemendur með B.A gráðu í dansi.

Leikaranemar voru 24 alls þar af tíu á fyrsta námsári (5 karlar og 5 konur), sjö á þriðja ári (þrír karlar, fjórar konur) og sjö á fjórða ári (4 konur og 4 karlar). Útskrifuðust sjö af brautinni.

Alls stunduðu því 59 nemendur nám í leiklistardeild veturinn 2008-2009.

Í leiklistardeildinni voru kennd 95 námskeið í hóp og einkatímum á námsárinu.

### 2 .KENNARAR OG STARFSFÓLK

40 innlendir kennarar komu að kennslu við leiklistardeild og 13 erlendir. Fastráðnir kennarar voru 8 að deildarforseta meðtöldum. Karen María Jónsdóttir, fagstjóri dansbrautar, Stefán Jónsson, fagstjóri leikarabrautar, Magnús Þór Þorbergsson lektor og fagstjóri fræði og framkvæmd, Una Þorleifsdóttir, aðjúnt í sviðslistum, Snæbjörg Sigurgeirsdóttir aðjúnt í rödd, Tony Vizech, aðjúnt í dansi, Ólöf Ingólfssdóttir, aðjúnt í líkamshjálfun og Þórhildur Örvarsdóttir aðjúnt í söng. Tæknistjóri deildarinnar er Egill Ingibergsson, deildarfulltrúi Esther J. Steinsson, Albert Eiríksson er þjónustufulltrúi leiklistar og tónlistardeildar.

### **3. SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR**

Það var einkar ánægjulegt að á liðnum vetri var útskrifað af öllum brautum leiklistardeildar í fyrsta skipti. Líklegast er þetta eina tækifærið sem mun gefast til slíks þar sem leikaranemar eru í fjögurra ára námi en aðrar brautir þriggja og þar með munu útskriftir skarast. Útskriftarverkefni voru því óvenju mörg og einkar fjölbreytt.

Sýningar í nemendaleikhúsi leikara voru þrjár að venju. Fyrsta verkefnið, *Gangverkið*, var samsett sýning sem nemendur unnu undir handleiðslu Kristínar Eysteinsdóttur leikstjóra. Annað verkefnið var *Kirsuberjagarðurinn* eftir Anton Chekov í leikstjórn Daniel Rylander og síðasta sýningin *Þrettánda kvöld* eftir Shakespeare í leikstjórn Rafael Bianocietti. Fyrstu tvö verkin voru flutt á litla sviði Borgarleikhússins en síðasta verkefnið á stóra sviði Þjóðleikhússins.

Lokaverkefni dansbrautar voru annars vegar afar fjölbreytt einstaklingsverkefni sem sýnd voru í Smiðjunni, sal leiklistardeildar og hins vegar *Deadhead's* lament verk eftir Tony Vizech sem hann vann með nemendum. Sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Nemendur fræði og framkvæmd luku að venju sínu námi með einstaklings verkefnum sem spönnuðu allt frá leiklestrum til innsetninga.

Auk lokaverkefna voru fjölmargir opnir tímar, kynningar og smærri sýningar.

### **4. SAMSTARF**

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum nótum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali. Eins eru fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni í boði fyrir nemendur milli deilda.

Mest var samstarfið við tónlistardeild, en nemendur tónlistardeildar tóku þátt í þremur uppfærslum nemendaleikhússins með því að semja, gera hljóðmynd og spila í *Kirsuberjagarðinum*, *Gangverkinu* og *Þrettánadakvöldi*. Hljóðfæranemendur tóku þátt í sameiginlegum námskeiðum með dansbrautinni í tónlistar- og dansspuna, tónsmíðanemendur tóku þátt í einstaklingsverkefnum dansara og nokkrir tóku þátt í lokaverkefnum úr fræði og framkvæmd. Ljóst er að návígi þessara deilda skapar tækifæri til náins samstarfs, og verkefnið verða til bæði inni á kennarastofu og meðal nemendanna sjálfra. Samstarf við hönnunar- og arkitektúrdeild var á svipuðum nótum og verið hefur en það felst aðallega í hönnun kynningarefnis fyrir útskriftarviðburði innan leiklistardeildar.

Þó svo að millideildanámskeiðið Samtal hafi verið hannað af aðilum frá öllum deildum þá tóku nemendur leiklistardeildar ekki þátt í þetta sinn þar sem ekki voru neinir annars árs nemar við deildina.

Samvinnuverkefni innan dansbrautar:

-ÍD samvinnuverkefni við Íslenska dansflokkinn þar sem nemendur þjálfuðu með þeim í viku og lærðu nýtt repertoire.

- Nemendur sýndu afrakstur námskeiðs í samtímadansi hjá Tony Vezich í Íslensku Óperunni á Unglist hátíðinni í nóvember 2008.

Dansbrautin er aðili að tveimur samstarfsnetum á Norðurlöndunum DAMA og EMD.  
- Allur árgangurinn tók þátt í DAMA Nordplusverkefni í Finnlandi, Rovaniemi, 1-9 nóvember 2008.

- Hingað komu 20 dansarar og nýmiðlanemendur frá Rovaniemi auk þriggja kennara frá Turku og Helsinki í gegnum DAMA netið og tóku þátt í viku intensífum kúrs í maí 2009 ásamt nemendum dansbrautar og nokkrum nemendum tónlistardeildar. Nemendur úr myndlistadeild tóku í fyrsta sinn þátt í DAMA. Íslenskir nemendur voru um 20 talsins. Verkefnið var rekið í samstarfi við RAFLOST hátíðina og var afrakstur námskeiðanna sýndur á hátíðinni.

- Hingað komu 4 tónlistarnemendur í gegnum EMD nordplus verkefnið og tóku þátt í tveggja vikna námskeiði í real time composition í febrúar 2009. Nemendurnir voru frá 4 löndum,

- Fastir kennarar brautarinnar (Karen og Tony) sóttu einnig fundi og námskeið á vegum EMD og DAMA netanna þar sem þau kenndu og skipulögðu og þróðu.

- Nemandi úr tónlistardeild sótti tvö námskeið í undirleik fyrir danstíma sem skipulagt var af EMD netinu. Annað námskeiðið var hópnámskeið en hitt intensíft einkanámskeið sem sniðið var að nemandanum. Markmiðið var að þjálfra hann upp í undirleik fyrir tíma hjá dansbrautinni. Nemandinn sýndi mikinn áhuga og miklar framfarir á stuttum tíma og hóf strax að spila undir í tímum haustið 2008. Þetta framtak hefur aukið gæði danskennslunnar.

Brautin tók þátt í rannsókn á vegum Keðju-dance encounters þar sem allt dansnám á Norðurlöndunum var kortlagt. Brautarstjóri flutti einnig lykilerindi á Keðju ráðstefnu í Kaupmannahöfn um brautina í ágúst 2008.

Samstarf var hafið við þá danslistaskóla á framhaldsstigi sem kenna eftir námsskrá. Samstarfið fólst í að bjóða nemendum reglulega að koma og horfa á verkefni auk þess að veita ráðgjöf við skólanámsskrá og uppbyggingu námsbrauta innan skólanna. Einnig kenndi Tony einstaka lítil kynningar námskeið við skólanana.

Samstarfsskólum vegna skiptináms fer stöðugt fjölgandi. Skylda er fyrir nemendur í fræði og framkvæmd og á dansbraut að fara í skiptináms á haustönn þriðja árs. Þetta hefur í langflestum tilfellum verið einkar gefandi fyrir nemendur og að þeim finnst nauðsynlegur hluti af náminu. Af samstarfsskólum má nefna: TEAK, Helsinki, Justur-Liebig-Universitat Giessen, Royal Scottish Academy of Music and Drama, Hogeschool voor de Kunsten Amsterdam, Janacek Academy of Music and Performing Arts Brno og Hochschule der Kunste Zurich.

Kennaraskipti með aðstoð Nordplus og Erasmus eru að aukast. Dr. Tiina Syrja frá leiklistardeild háskólans í Tampere kenndi á leikarabraut. Hún kynnti rafrænar rannsóknir á raddbeitingu fyrir 3. árs nemum auk þess að kynna öskurtækni samkvæmt aðferðum bandaríska raddþjálfarans Kate Ufema. Af öðrum erlendum gestakennurum á leikarabraut má nefna Rafael Bianciotto sem kennt hefur nemendum trúðalist og commedia dell 'arte á undanförunum árum, leikstýrði hann einnig 4. árs nemum í *Brettánda kvöldi*. Seppo Kumpulainen er annar kennari sem hefur komið hingað árlega til að styðja við fimleika og skylmingakennslu. Seppo kemur frá TEAK í Helsinki. Mikill fengur var í að fá Lars Erik Holter leikstjóra til okkar frá Osló en þaðan er kerfi líkamlegra gjörða, sem verið hefur ein af megin aðferðum kenndum á leikarabraut, komið. William Fischer frá Ohio háskólanum kom til deildarinnar á

vegum Fulbright stofnunarinnar og dvaldi hér lungan úr vorönn. Hann vann með nemendum fræði og framkvæmd.

Af öðru samstarfi má nefna lokaverkefni í fræði og framkvæmd sem og á leikarabraut. Samstarf um þessi verkefni var við Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Hitt húsið og einnig var eitt af verkefnum í heilsuverndarstöðinni við Barónstíg.

## **5. AÐSTAÐA**

Aðstaða leiklistar- og tónlistardeildar á Sölvhólgötunni er að verða óbærileg. Það er í raun með ólíkindum að eins vel hafi gengið hingað til og raun ber vitni. Gangi áætlanir um meistaranám eftir er fyrirséð að nemendum muni fjölga og er það nokkuð sem við verðum að huga að aðstöðunni sem allra fyrst.

## **6. STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN**

Með útskrift fyrstu nemendanna með B.A gráðu í samtímadansi síðastliðið vor var ákveðnum hring lokað í leiklistardeild. Þær þrjár brautir sem starfræktar eru við deildina eru komnar til að vera og um þær hefur skapast ákveðin festa. Með festunni myndast einnig ákveðið frelsi til að taka upplýstar ákvarðanir um hvað megi bæta og þróa því vissulega höfum við ekki stöðun í huga. Næsta skref til uppbyggingar náms innan deildarinnar er því meistaranámið. Leikaranámið er eina námið við skólann sem er fjögurra ára nám ásamt því að vera elsta braut deildarinnar og er því eðlilegast að það nám sé fyrst í röðinni þegar hugað er að næsta námsstigi. Þessa dagana er verið að ganga frá tillögum um meistaranám leikara en hugmyndin er að það verði heilsárs nám (frá maí-maí) sem inniber fjórar lotur með mismunandi áherslum sem þó tengjast. Þetta er gífurlega spennandi verkefni sem um leið kallar á endurskipulagningu B.A námsins. Meistaranám í kóreógrafíu er byrjað að leita upp á yfirborð vitundar okkar innan deildarinnar og eru margir spennandi mögulegar leiðir hvað það varðar. Ekki er ráðgert í bili að bjóða upp á meistaranám í fræði og framkvæmd en annað nám sem er í bígerð *Deiglan* er meistaranám sem gæti hentað þeim nemendum. *Deiglan* er þverfaglegt tveggja ára meistaranám í listrænum rannsóknnum. Tilgangur þess er að auka fjölbærni og víðsýni þátttakenda ásamt því að auka starfsmöguleika þeirra í fjölbreyttu listalífi samtímans hverju sinni. Það er von okkar að deigluna myndi hópur listamanna sem stendur fyrir áræðinni frumsköpun með því að tvínna saman hin ólíku listform og hugmyndafræði. Nám þetta er hugarfóstur deildarforseta leiklistar- og tónlistardeildar og er gott dæmi um möguleika samvinnu milli ólíkra deilda þegar þær deila sama húsnæði.

Húsnæðið er lykillinn að margskonar samvinnu og samruna. Það hefur sýnt sig á Sölvhólgötunni þar sem kennarar, nemendur og starfsfólk ólíkra deilda/sviða er í daglegu návígi. Þau eru ótal mörg samvinnu verkefni sem hafa orðið til á kaffistofunni og í mötuneytinu. Það er að sjálfsgöðu ósk okkar allra að brátt muni skólinn geta uppfyllt óskina um einn skóla undir eitt þak. Þetta verður sífellt meira áriðandi eftir því sem deildirnar þroskast og festast í sessi, næstu skref til þroska eru í gegnum samvinnuna og rannsóknir milli deilda og brauta.

Það er að vonum þyngra yfir en oft áður en áherslan hlýtur að vera að umhverfið sé fóður fyrir listsköpunina og verður áhugavert þegar fram í sækir að líta til baka og sjá hver uppskeran verður.